

## VIRÐING: LYKILPÁTTUR Í KYNHEILBRIGÐI UNGS FÓLKS

Í íslenskum og erlendum samfélögum bendir margt til þess að vanvirðingar gæti gagnvart kynverund einstaklingsins og er MeToo-byltingin dæmi um viðbragð við þeim vanda. Tilgangur þessarar rannsóknar er að varpa ljósi á hugtökin virðingu og vanvirðingu í sambandi við kynheilbrigði ungs fólks og út frá rétti þess til kynheilbrigðis. Gerð var endurgreining á tveimur eigindlegum rannsóknum sem byggðust á viðtölum við unga menn. Einnig var byggt á MeToo-frásögnum af kynferðisofbeldi gagnvart unglingsstúlkum. Gögnin voru greind út frá virðingu og vanvirðingu. Niðurstöður sýna að sjálfsvirðing er ungum karlmönnum mikilvæg í jafningjahópum en einnig við kaup og notkun smokka. Þeim finnst mikilvægt að virða samþykki hins aðilans og telja virðingu vera einn af lykilþáttum góðs kynlífs. Vanvirðing ungra manna birtist í umræðu um ráðandi karlmennsku en einnig þegar samþykki fyrir samförum er hunsað. Lýsingar á nauðgun unglingsstúlkna sýna fram á mikla vanvirðingu gagnvart rétti þeirra til kynheilbrigðis. Niðurstöðurnar benda til þess að virðing sé mikilvæg fyrir vellíðan einstaklingsins sem kynveru og hið gagnstæða gildi um vanvirðingu. Fræða þarf ungt fólk um rétt þess til kynheilbrigðis og um einkennandi þætti heilbrigðs kynferðislegs sambands.

Efnisorð: virðing, vanvirðing, kynheilbrigði, réttur til kynheilbrigðis, ungt fólk

### INNGANGUR

Heimspekingurinn Edmund Wall (2001) heldur því fram að samfélög séu gegnsýrð af vanvirðingu. Sögur kvenna, yngri sem eldri, af kynferðisofbeldi í gegnum MeToo-byltinguna gefa glögga mynd af því. Þegar sögur þeirra eru skoðaðar sést hvað lífsgildi eins og virðing skipta miklu máli í lífi ungra stúlkna, sem og eldri kvenna. Í því samhengi er jafnframt mikilvægt að athuga gildi virðingar fyrir unga karlmenn. Virðingin er mikilvæg í öllum samskiptum við annað fólk en sérstaklega þegar kemur að kynlífi og kynheilbrigði fólks, á hvaða aldri sem það er.

Þrátt fyrir að hugtakið virðing virðist skipta grundvallarmáli varðandi kynheilbrigði fólks, hafa fræðimenn ekki gert því góð skil. Engin textagreining fannst um þetta hugtak tengd kynheilbrigði ungs fólks. Frekari skoðun á þessu var gerð með því að athuga áherslu

á hugtakið í réttindaskjölum alþjóðasamtaka, kynheilbrigðislíkönnum og rannsóknum. Í réttindaskjölum Alþjóðasamtaka um fjölskylduáætlun (IPPF, 2008), Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO, 2010) og Heimssamtaka um kynheilbrigði (WAS, 2014) um rétt til kynheilbrigðis kemur ekki fram með beinum orðum að einstaklingurinn eigi að njóta virðingar sem kynvera en það er greinilega undirliggjandi þáttur í þeim flestum ef ekki öllum. Í inngangsorðum IPPF (2008) er umfjöllun um rétt til kynheilbrigðis og þar er virðingar sérstaklega getið (e. dignity of all people). Við skoðun á kynheilbrigðislíkönnum sést að virðing er ekki heldur fyrirferðarmikið hugtak þar. Hugtakið virðing er hluti af kynheilbrigðislíkani Tolmans (1999) og er í innsta kjarna þess þar sem fjallað er um einstaklinginn. Þar kemur fram að bera skuli virðingu fyrir eigin gildum um kynlíf og í parasamböndum. Í kynheilbrigðislíkani Robinsons, Bocktings, Rossers, Miners og Colemans (2002) er virðing ekki ein af tíu meginstoðunum. Í skilgreiningu þeirra á kynheilbrigði er hins vegar minnst á virðingu sem þátt í kynheilbrigði og hún talin mikilvæg til þess að unnt sé að meta að verðleikum einstaklingsmun og breytileika. Þegar skoðaðar eru rannsóknir á virðingu í parasamböndum sést að algengt er að hún sé rannsökuð í samhengi við ofbeldi og mikilvægi þess að koma í veg fyrir kynferðisofbeldi (Debnam, Howard og Garza, 2014; Meiksin o.fl., 2019). Í rannsókn Debnams og féлага (2014) tilgreindu 22 stúlkur virðingu sem mikilvægan þátt heilbrigðs parasambands og nefndu í tengslum við það að „virða þig sem manneskju“ og „virða líkama þinn“. Fram kom hjá þeim að kynlífsfélagi ætti að virða lífsgildi þeirra varðandi kynhegðun. Ein sagði: „Ég virði hann mikils því hann virðir þá ákvörðun mína að bíða [með að stunda kynlíf].“ Stúlkurnar mátu það mikils að strákar virtu skoðanir þeirra og sagði ein í því sambandi: „Eins og ef stúlka vill ekki gera eitthvað, ekki þrýsta á hana að gera það“ (íslensk þýðing höfundar). Þeim fannst mikilvægt að virðing væri sýnd í skyndikynnum en framhjáhald var í þeirra augum vanvirðing. Samkvæmt framansögðu bendir ýmislegt til þess að virðingu hafi ekki verið gerð mjög ítarleg skil og því sé mikilvægt að skoða hugtakið nánar.

## HUGTÖK OG FRÆÐILEGUR BAKGRUNNUR

*Sjálfsvirðing* og *virðing gagnvart öðrum* eru tengd hugtök og mikilvægir grunnþættir í parasamböndum. Skilgreining Miðstöðvar um sjúkdómavarnir (CDC) í Bandaríkjunum á virðingu er eftirfarandi: „Virðing þýðir að sérhver manneskja ber virðingu fyrir annarri manneskju og skilur hvar hún dregur mörkin“ (Debnam o.fl., 2014, bls. 402, íslensk þýðing höfundar). Hugtakið felur í sér að virða manneskjuna eins og hún er. Hún er álitin vera einhvers virði. Hægt er að bera virðingu fyrir gildum og virði annarra, afrekum og hæfni manneskjunnar en einnig fyrir rétti annarra, skyldum og siðalögmálum (Frei og Shaver, 2002).

Sjálfsvirðing er mat einstaklingsins á sjálfum sér, viðhorfum hans, jákvæðum eða neikvæðum, og gefur til kynna hversu færan, mikilvægan, happasælan og verðugan hann telur sig vera (Goodson, Buhi og Dunsmore, 2006). Edelman og Mandle (2006) tala um tilfinningalegt mat einstaklinga í þessu sambandi. Hjá þeim kemur einnig fram að sjálfsmýndin tengist samskiptum við aðra og geti þau samskipti ýmist styrkt eða dregið úr sjálfsvirðingu einstaklingsins.

Í norskri rannsókn sem Moksnes, Moljord, Espnes og Byrne (2010) gerðu og tók til stúlkna og pilta á aldrinum 13–18 ára, kom fram að piltar mældust með meiri sjálfsvirðingu en stúlkur. Stúlkur lögðu mikið upp úr tilfinningalegum tengslum og voru viðkvæmari fyrir gagnrýni jafningja en piltar. *Sjálfstöryggi* (e. self-confidence) getur því verið mikilvægt enda kom fram í rannsókn Debnams og félaga (2014) meðal unglingsstúlkna 15–18 ára að sjálfstöryggi gerði þeim kleift að vera hamingjusamar með öðrum einstaklingi. Í rannsókninni var lagt upp með 12 einkenni heilbrigðs parasambands sem Miðstöð um sjúkdóma- varnir (CDC) hafði sett fram. Má þar nefna virðingu, góð tjáskipti, traust og sjálfstöryggi. Stúlkurnar tengdu sjálfstöryggi við heilbriggt parasamband, en sögðu að í óheilbrigðu parasambandi gerðu strákar á hinn bóginn lítið úr þeim og drægju úr sjálfstöryggi þeirra. Í rannsókn Trzesniewskis og félaga (2006), sem tók til einstaklinga af báðum kynjum frá þriggja ára aldri og fram til 26 ára aldurs, kom fram að unglingar sem höfðu litla sjálfsvirðingu voru við verri andlega og líkamlega heilsu síðar á ævinni. Rannsókn McClures og félaga (McClure, Tanski, Kingsbury, Gerrard og Sargent, 2010) styður að vissu leyti þessar niðurstöður því tengsl voru á milli lítillar sjálfsvirðingar og óheilsusamlegra lífshátta.

*Kynverund* (e. sexuality) er upplifun og tjáning einstaklingsins á því er viðkemur tilfinningum, hugsunum og gjörðum hans (PAHO og WHO, 2000). Réttur til kynheilbrigðis (e. sexual and reproductive health rights) er meðal annars réttur mannsins til að njóta kynheilbrigðis og virðingar sem kynvera í öllu er varðar kynverund hans auk þess að gæta að rétti annarra og að njóta verndar gegn hvers kyns mismunun, kynferðislegrí áreitni og ofbeldi (PAHO og WHO, 2000).

## Vanvirðing

Á sama tíma og virðing er talin mikilvægur þáttur í samskiptum fólks (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2019), blasa í nútímasamfélagi við mörg dæmi um vanvirðingu gagnvart kynverund. Eitt af því sem unglingar og ungt fólk nútímans standa frammi fyrir í vaxandi mæli er rafræn miðlun myndefnis, eins og nektarmynda á snjallsímum, án leyfis viðkomandi en einnig kynferðislega áreitni og nauðgun. Þetta þrennt á það sameiginlegt að það er gert án leyfis viðkomandi og margvíslegur réttur til kynheilbrigðis er brotinn. Árið 2018 tók gildi löggjöf í Svíþjóð þar sem samþykki var gert að nauðsynlegum þætti í skilgreiningu á nauðgun en slíkt skilgreiningaratriði er ekki að finna í löggjöf í Danmörku, Finnlandi og Noregi.

Á Íslandi var árið 2018 lögfest áhersla á samþykki þegar skera á úr um kynferðisbrot, eins og gert er í sænsku lögunum (Amnesty International, 2019; lög um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (kynferðisbrot) nr. 16/2018). Í íslensku lögunum segir: „Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann án samþykkis hans gerist sekur um nauðgun.“ Samþykki þarf samkvæmt lögum að vera tjáð af frjálsum vilja. Á Alþingi veturinn 2017–2018 (148. löggjafarþingi) var lagt fram frumvarp til laga um breytingar á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 til þess að bregðast við stafrænu kynferðisofbeldi. Í greinargerð kemur fram að stafrænt kynferðisofbeldi vísi til þess að „dreifa mynd- eða hljóðefni sem sýnir nekt eða kynferðislega hegðun einstaklings án samþykkis hans“. Í greinargerðinni kemur einnig fram að hugtakið stafrænt kynferðisofbeldi lýsi betur verknaðinum en hugtökin hefndarklám og hrelliklám sem notuð hafi verið (þingskjal nr. 37/2017–2018).

Rafræn miðlun upplýsinga, mynda og myndskreiða af viðkvæmu efni, eins og nektar-myndum til annars/annarra aðila, hefur takmarkað verið rannsökuð (Henry og Powell, 2015). Í bandarískri rannsókn Drouins, Ross og Tobins (2015) meðal ungra kvenna og karla (meðalaldur 20,6 ár) kom fram að 67% stúlkna og 74% pilta höfðu eingöngu sent kynboð (e. sexting) en nokkuð færri höfðu sent kynferðislega mynd eða 50% stúlkna og 41% pilta. Hlutfall þeirra sem sögðust hafa sent kynboð án þess að vilja það var 22% hjá stúlkum og 17% hjá piltum. Þegar gögnum af þessu tagi er dreift án samþykkis viðkomandi getur það haft alvarlegar afleiðingar. Slík ósamþykkt kynferðisleg skilaboð valda skömm og niðurlægingu en afleiðingarnar geta líka verið mun alvarlegri (Henry og Powell, 2015). Meiri einkenni um þunglyndi, kvíða og áfallastreituröskun komu fram hjá hjá brotaþolum eftir því sem þrýstingur á þá um að senda kynboð jókst og líkamleg kynferðisleg þvingun eða ofbeldi kynlífsfélaga urðu algengari (Drouin, Ross og Tobin, 2015).

Kynferðisofbeldi meðal unglunga og ungs fólks virðist vera algengt (Debnam o.fl., 2014). Merrick og félagar (Merrick, Basile, Zhang, Smith og Kresnow, 2018) telja að slíkt ofbeldi sé meiri háttar lýðheilsuvandamál í Bandaríkjunum sem leitt geti til margvíslegra heilbrigðisvandamála og hættu á endurteknu ofbeldi á fullorðinsárum. Rannsókn þeirra, sem byggist á gögnum úr *National Intimate Partner and Sexual Violence Survey* frá 2012, leiddi í ljós að um 8,4% kvenna og 0,7% karla hafði verið nauðgað eða þau höfðu upplifað tilraun til nauðgunar þegar þau voru ungmenni. Fram kom að í 28,8% tilfella var það núverandi eða fyrrverandi kærasti sem hafði nauðgað stúlkunum. Í bandarískri rannsókn Halperns og félaga (Halpern, Oslak, Young, Martin, og Kupper, 2001) sem byggðist á svörum 7500 unglunga kom fram að um þriðjungur þeirra hafði reynt af einhvers konar ofbeldi í gagnkynhneigðum samböndum, 12% sögðust hafa upplifað líkamlegt ofbeldi og 29% einhvers konar andlegt ofbeldi. Í annarri rannsókn kom í ljós að stúlkur sem urðu fyrir nauðgun upplifðu mjög neikvæð áhrif á sjálfsvirðinguna (fannst þær skítugar), sjálfsmýnd sína sem kynlífsfélaga (ekki verðugar) og eigið orðspor sem kynveru (væru lauslátar) (Perilloux, Duntley og Buss, 2012).


## Réttur til kynheilbrigðis

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO, 2010), Alþjóðasamtök um fjölskylduáætlun (IPPF, 2008) og Heimssamtök um kynheilbrigði (WAS, 2014) hafa lýst rétti til kynheilbrigðis (e. sexual rights) sem heildarheiti margra undirþátta. Hugtakið er nokkuð þröngt því það vísar eingöngu til kynlífs og kynlífsheilbrigðis (e. sexual health) en ekki til frjósemi eða frjósemisheilbrigðis (e. reproductive health). Ég hef því kosið að nota hugtakið réttur til kynheilbrigðis (e. sexual and reproductive rights) sem heildarheiti því að undir það hugtak fellur bæði kynlífs- og frjósemisheilbrigði. Réttur til kynheilbrigðis byggist á grundvallar-mannréttindum sem sett voru fram í mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna árið 1948 og samþykkt hafa verið um allan heim (Dixon-Mueller, Germain, Fredrick og Bourne, 2009; Gruskin, Yadav, Castellanos-Usigli, Khizanishvili og Kismödi, 2019; IPPF, 2008; Kismödi, Cottingham, Gruskin og Miller, 2015; United Nations, 1948). Þau fjalla meðal annars um rétt fólks til frelsis, jafnréttis, jafnréttis kynjanna, einkalífs, öryggis og virðingar.

Réttur til kynheilbrigðis sem lýst hefur verið af IPPF, WAS og WHO tekur til grundvallaratriða eins og réttar til jafnréttis, einkalífs, frelsis og öryggis. Hinu alþjóðlega samfélagi þótti ástæða til að árétta sérstaklega rétt einstaklingsins til kynheilbrigðis vegna þess að sá réttur var ekki virtur. Kynverund fólks hafði verið mismunað á margvíslegan hátt og bitnaði það sérstaklega á ungum stúlkum og konum (Kismödi o.fl., 2015). Víða hafa konur og stúlkur ekki notið þess réttar að vera viðurkenndar sem sjálfstæðir einstaklingar með eigin vilja, langanir og þrár og hefur framkoma við þær oft einkennt af vanvirðingu gagnvart viðhorfum þeirra, líkama og sjálfstjórn (Dixon-Mueller o.fl., 2009).

## Kynheilbrigðislíkan - réttur til kynheilbrigðis

Það kynheilbrigðislíkan sem hér er sett fram á mynd 1 er útfærsla á líkani Tolmans (1999) að því leyti að áherslan á virðingu og rétt til kynheilbrigðis er dregin skýrar fram. Líkan Tolmans hefur víðari skírskotun og snýr að þáttum eins og þekkingu, tilfinningum, kynverund og rétti einstaklingsins til kynheilbrigðis. Báðar útfærslurnar eru byggðar á vistkerfanálgun þar sem einstaklingurinn er í samspili við umhverfi sitt sem greinist í mörg kerfi. Samkvæmt líkaninu á mynd 1 er einstaklingurinn (ungt fólk) í miðju þess, síðan er parasamband og loks hið víðara samhengi, þ.e. samfélagið. Margvíslegt samspil er á milli þessara kerfa. Líkanið sýnir nokkur grundvallaratriði réttar til kynheilbrigðis innan hvers kerfis og er byggt á því hvernig Heimssamtök um kynheilbrigði (WAS) hafa afmarkað þennan rétt (WAS, 2014).



**Mynd 1: Kynheilbrigðislíkan með áherslu á virðingu og rétt til kynheilbrigðis**

Í miðju líkansins er ungt fólk og sjálfsvirðing þess er mikilvæg fyrir vellíðan. Hún er háð því að borin sé virðing fyrir rétti einstaklingsins til einkalífs, frelsis, sjálfsstjórnar og öryggis en jafnframt jafnréttis. Ungt fólk á rétt á því að kynlíf sé einkamál þess og að það ráði hvaða upplýsingum er miðlað um það. Frelsi merkir að vera frjálst að því að hafa sínar eigin skoðanir á kynlífi, tjá sig sem kynvera og stunda kynlíf á þann hátt sem löngun stendur til, svo framarlega sem það brýtur ekki á rétti annarra. Undir þetta fellur einnig að taka ákvörðun um parasambönd, hjúskap og barneignir og, ef til þess kemur, að slíta parasamböndum. Sjálfsstjórn og öryggi í kynlífi ungs fólks lýtur að rétti til að taka ákvarðanir um eigin líkama og kynferðislegar athafnir og með hverjum viðkomandi kys að stunda kynlíf.

Undir þetta fellur líka að gefa samþykki sitt fyrir kynferðislegum athöfnum og að öryggi sé ekki ógnað. Varðandi jafnrétti er lögð áhersla á að ungu fólki sé ekki mismunað á nokkurn hátt, til dæmis út frá kyni, aldri, kynhneigð, kynvitund (e. gender identity), trúarbrögðum, þjóðerni og þjóðfélagsstöðu.

Í næsta kerfi, sem fjallar um parasamband, eru margir mikilvægir þættir er snerta virðingu gagnvart öðrum og rétt ungs fólks í slíkum samböndum til kynheilbrigðis. Til þess að gagnkvæm virðing ríki á milli fólks í parasamböndum þarf að vera fyrir hendi jafnrétti, frelsi og öryggi. Jafnrétti vísar til þess að báðir aðilar njóti jafnrar stöðu í sambandinu. Frelsi í samböndum felur það í sér að hvor aðili fyrir sig má hafa sínar eigin skoðanir og ráða því hvað hann telur vera við hæfi í kynlífi, að því gefnu að tekið sé tillit til réttar hins aðilans. Öryggi í parasamböndum tekur meðal annars til þess að fyrir hendi sé samþykki fyrir kynferðislegum athöfnum og engin ógn, kynferðisleg þvingun eða kynferðisofbeldi af neinu tagi af hálfu hins aðilans. Í parasambandinu getur ríkt virðing en jafnframt vanvirðing.

Í ysta kerfi líkansins er samfélagið og skiptir þar máli hvernig stjórnskipulagið er í hverju landi og hvernig staðið er að kynfræðslu og kynheilbrigðisþjónustu til að stuðla að rétti ungs fólks til kynheilbrigðis. Hvað varðar stjórnskipulag eru lög um kynheilbrigði mikilvæg. Þá skiptir miklu máli hvernig fylgt er eftir stefnumótandi samþykktum eins og framkvæmdaáætlun um kynheilbrigði í Evrópu (WHO, 2016). Ef ríkjandi eru hefðir eða lög í viðkomandi landi sem ekki virða rétt einstaklingsins til kynheilbrigðis, þá getur það skapað mikla vanlíðan bæði hjá einstaklingnum og öðrum í nærumhverfi hans. Dæmi um slíkt er þegar ungar stúlkur fá ekki að ráða því hvenær eða hverjum þær giftast (Jansen, 2007) og þegar lög leyfa ekki aðgengi unglingsstúlkna að kynheilbrigðisþjónustu nema með leyfi annarra (Gruskin o.fl., 2019).

Tilgangur þessarar rannsóknar er að varpa ljósi á hugtökin virðingu og vanvirðingu í sambandi við kynheilbrigði ungs fólks og út frá rétti þess til kynheilbrigðis. Í þessari umfjöllun vísar hugtakið ungt fólk til aldurshópsins 10–24 ára. Eftirfarandi rannsóknarspurning er lögð til grundvallar: Hverjar eru birtingarmyndir sjálfsvirðingar, virðingar og vanvirðingar gagnvart öðrum meðal ungs fólks hvað varðar kynheilbrigði þess?

## AÐFERÐ

Gerð var endurgreining (e. secondary analysis) á gögnum tveggja eigindlegra rannsókna hér á landi meðal ungra karlmannna. Lagt er upp með aðra rannsóknarspurningu en í upphaflegu rannsóknunum (Ruggiano og Perry, 2019). Endurgreining þótti fýsileg þar sem um viðkvæm málefni er að ræða og oft erfitt að fá þátttakendur (Long-Sutehall, Sque og Addington-Hall, 2010). Til að geta gefið gleggri mynd af vanvirðingu var ákveðið að velja einnig MeToo-frásagnir kvenna af kynferðisofbeldi (nauðgun) sem átti sér stað þegar þær voru unglingsstúlkur. Gagnagreiningin byggðist á því að nýta gögn sem þegar voru til í íslensku samfélagi og gætu varpað ljósi á virðingu og vanvirðingu hvað varðar kynheilbrigðismál. Við val á þessum gögnum þótti mikilvægt að frásagnirnar væru nýlegar og frá báðum kynjum.

## Gagnasöfnun

Byggt er á niðurstöðum tveggja eiginlegra rannsókna sem gerðar voru vorið 2018 við Háskóla Íslands. Fyrri rannsóknin er meistaraverkefni Lóa Guðrúnar Gísladóttur (2018) á Menntavísindasviði Háskóla Íslands og er vísað til hennar sem *kynheilbrigðisrannsóknar*. Sú síðari er lokaritgerð til B.S.-prófs þeirra Sigurbjargar Lindar Ellertsdóttur og Snæfríðar Jóhannesdóttur (2018) á Heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands og er vísað til hennar sem *smokkarannsóknar*. Þá voru notaðar tvær MeToo-frásagnir kvenna á eigin upplifunum frá unglingsárum, sem þær ákváðu að deila í tengslum við MeToo-byltinguna. Þessar frásagnir eru ekki úr eiginlegum gögnum en eru engu að síður lýsingar kvenna á eigin upplifunum.

## Kynheilbrigðisrannsókn

Tilgangur þessarar eiginlegru rannsóknar var að kalla eftir sjónarhorni ungra karlmannna á kynheilbrigði. Lóa Guðrún Gísladóttir (2018) tók viðtöl við sex unga karlmenn, á aldrinum 18–21 árs, um kynheilbrigðismál. Þeir ólust allir upp hjá báðum foreldrum, fjórir úti á landi og tveir á höfuðborgarsvæðinu. Allir voru gagnkynhneigðir. Notað var tilgangs- og snjóboltaúrtak við val á þátttakendum. Í þessari rannsókn var gerð þemagreining á gögnunum samkvæmt Braun og Clarke (2006, 2013). Farið var í gegnum niðurstöður til að finna dæmi um virðingu (sjálfsvirðingu og virðingu gagnvart öðrum) og um vanvirðingu.

## Smokkarannsókn

Tilgangur þessarar eiginlegru rannsóknar var að skoða hvaða þættir skipta máli við smokkanotkun unglingspíla, bæði hvetjandi og letjandi þætti. Hún er byggð á viðtölum við sex rýnihópa. Þátttakendur voru valdir með tilgangs- og snjóboltaúrtaki. Þeir voru nemendur í tveimur framhaldsskólum, öðrum í Reykjavík og hinum á Akureyri. Greinarhöfundur tók viðtöl við 35 unga menn á aldrinum 18–23 ára. Í þessari rannsókn voru gögnin greind með rammaaðferð (e. framework method) (Gale, Heath, Cameron, Rashid og Redwood, 2013). Farið var í gegnum viðtölin til að greina texta sem fjallaði um virðingu (sjálfsvirðingu og virðingu gagnvart öðrum) og vanvirðingu.

## MeToo frásagnir

Farið var á undirsíðu netmiðilsins *Kjarnans* sem er undir heitinu „Tími þagnarinnar liðinn: Sögurnar allar“ (Bára Hulda Beck, 2017) og frásagnir kvenna skoðaðar. Þar voru margir flokkar frásagna og var ákveðið að velja frásagnir í flokknum fjölskyldutengsl. Þau skilyrði voru sett við val á frásögnum að þær fjölluðu um unglingsstúlkur eða ungar konur, lýstu kynferðisofbeldi (nauðgun) og að ofbeldið hefði átt sér stað innan parasambands. Valdar voru tvær frásagnir sem uppfylltu skilyrðin (frásögn nr. 15 og frásögn nr. 38). Farið var í gegnum þessar frásagnir til að greina texta sem fjallaði um vanvirðingu.

## Gagnagreining

Gagnagreining fólst í því að greina texta sem á einn eða annan hátt fjölluðu um virðingu og vanvirðingu. Farið var endurtekið í gegnum gögnin. Síðan voru textabrotin annars vegar flokkuð undir virðingu og hins vegar undir vanvirðingu. Þar var tekið mið af skilgreiningum á þessum hugtökum sem þegar hefur verið gerð grein fyrir.

## NIÐURSTÖÐUR

Niðurstöðurnar gefa mynd af þeirri virðingu og vanvirðingu sem ungir menn lýsa og um vanvirðingu sem fram kom í frásögnum af unglingsstúlkum. Allar frásagnirnar varða kynheilbrigði ungs fólks.

## Birtingarmyndir virðingar

Birtingarmyndir ráðandi karlmennsku voru áberandi meðal viðmælenda í kynheilbrigðisrannsókninni. Niðurstöður sýndu að áberandi var ákveðinn metingur um að byrja sem fyrst að stunda kynlíf og eiga sem flesta rekkjunauta. Viðkomandi gat þá fengið hrós fyrir frammistöðu sína innan vinahópsins. Það var ungu mönnunum mikilvægt að vera svalir í augum vinanna. Þeir sögðust allir vilja „vera fyrstir [til að stunda kynlíf] ... sá sem er fyrstur [er] flottastur ... Þú færð virðingu einhvern veginn gagnvart vinum þínum ... ef þú ert númer eitt eða tvö í röðinni“.

Frásögn þessi gefur til kynna mikilvægi þess fyrir unga menn að halda sjálfsvirðingu sinni í jafningjahópnum. Jafnframt sýndu niðurstöður rannsóknarinnar að þátttakendur voru sammála um að virðing væri einn af lykilþáttunum í góðu kynlífi. Þeir greindu frá því að virðing fyrir stelpum fælist meðal annars í því að koma vel fram, sýna kurteisni og hjálpssemi, virða skoðanir og hlusta á þær. Einn lýsti mikilvægi virðingar í kynlífi á þennan veg: „Risastór þáttur ... ef báðir aðilar eru samþykki þá held ég að það ríki líka ákveðin virðing meðal þeirra beggja ... þá líður báðum vel.“ Eins kom fram mikilvægi þess að virða mörk annarra: „Virða það sem hinn vill og ef hinn vill það ekki þá þarf að virða það.“ Hér er komið inn á það mikilvæga atriði í parasamböndum er lýtur að samþykki, því að virða mörk annarra og ganga ekki lengra en hinn aðilinn vill.

Í smokkarannsókninni kom fram nauðsyn á vissu sjálfsöryggi við kaup og notkun á smokknum. Greint var frá því að fyrir suma gæti þetta verið erfitt, sérstaklega í fyrsta skipti. Þannig gætu þessar athafnir tengst sjálfsvirðingu piltanna því þarna gat verið viss ótti við niðurlægingu. Það að kaupa smokka gat verið feimnismál, „... þetta er ekki eins og að kaupa sér mjólk“. Kaupin geti sérstaklega verið erfið á „... litlum stöðum eins og Akureyri þar sem allir þekkja alla“. Einn piltanna lýsti reynslu af óviðeigandi framkomu við smokkakaup en afgreiðslukonan sagði „njóttu“ við hann sem „var ekki þægilegt“.

Í smokkarannsókninni kom einnig fram að það væri áskorun fyrir sjálfsvirðinguna að nota smokkinn í hita leiksins, eins og eftirfarandi frásögn gefur til kynna: „... þá geti það alveg verið smá áskorun að taka time out og ná í smokkinn ...“. Annar sagði: „Maður er smá hræddur um að maður eyðileggi momentíð með að ræða um þetta [smokkinn].“ Í báðum þessum tilvikum er spurning um að hafa kjark til að standa með sjálfum sér



og vera nægilega sjálfsöruggur til að taka af skarið. Einnig kom fram í frásögnum þeirra virðing fyrir öðrum, eins og eftirfarandi frásögn gefur til kynna: „... maður getur alveg lesið í aðstæður hvort samþykki sé til staðar eða ekki ... ef það er efi þá finnst mér bara að maður á að spyrja“.

Þau atriði í þessum frásögnum sem lýsa sjálfsvirðingu á einhvern hátt varða stöðu ungra manna í vinahópnum en jafnframt ótta við að kaupa smokka og að eyðileggja „momentið“ við notkun þeirra (smokkarannsókn). Í kynheilbrigðisrannsókninni kom fram mikilvægi þess að taka þátt í karllægri orðræðu, gera sig mannalegan gagnvart öðrum í hópnum og viðhalda þannig hugmyndum um ráðandi karlmennsku og að vera svalur. Þannig fengju þeir virðingu félagahópsins en þeir lýstu því einnig að sjálfsvirðing þeirra byggðist á þessu. Fram komu ýmis dæmi um virðingu gagnvart öðrum og mikilvægi þess að virða samþykki hins aðilans (kynheilbrigðis- og smokkarannsókn). Einnig kom fram að virðing væri mikilvæg í kynlífi og til að ungu fólki liði vel þá þyrfti það að sýna gagnkvæma virðingu (kynheilbrigðis- og smokkarannsókn). Miðað við þessar frásagnir, þá felast sameiginlegir þræðir virðingar í mannskilningi, því að bera virðingu fyrir viðhorfum annarra, hlusta á aðra, gæta að jafnrétti, mörkum og samþykki. Eins og kom fram hjá þátttakanda í kynheilbrigðisrannsókninni, þá er heildarútkoma virðingar vellíðan.

## Birtingarmyndir vanvirðingar

Í kynheilbrigðisrannsókninni kom fram að ungu mennirnir höfðu heyrt talað um að stelpur væru druslur og strákar mættu koma fram við þær eins og þeim sýndist. Þeir leiðréttu ekki slíka orðræðu þó að þeim fyndist hún oft vera óréttlát. Þessu var lýst á eftirfarandi hátt:

Yfirleitt [er] svoldið talað niður um konur ... bara eins og hún sé einhver hlutur ... Það er talað með miklu meiri virðingu ef þú ert með stelpunni heldur en ef þú ert bara að sofa hjá [einhverri stelpu] ... [Umræðurnar eru] bara sama ímynd og klám lætur þetta koma út, bara að stelpa er einhvern veginn hlutur, hún á að ... gegna okkur ... Hún er minna virði en karlinn í svona samtölum.

Í smokkarannsókninni kom fram að ungu mennirnir höfðu heyrt um það að strákar hefðu sett smokkinn á í upphafi samfara en síðan tekið hann af án þess að láta stelpuna vita af því. Einn lýsti þessu svo: „Ég hef gert það persónulega en þetta er ekkert eitthvað sem maður er að stunda eða plana ...“. Eins kom fram í frásögn ungs manns óvissa um hvort samþykki hefði verið veitt og að viðkomandi hefði farið yfir mörk stúlku en hann virtist ekki gera sér grein fyrir því. Hann orðaði það svo: „... þá segir hún, mér leið eins og þú hafir nauðgað mér og mér fannst það voðalega furðulegt af því ég hélt það væri bara mjög gott samþykki“. Hann sagði jafnframt: „... ég var ásakaður um nauðgun ...“. Annar ungur maður lýsti upplifun sinni af samþykki þannig: „Nei, ég meina það er eins og maður þurfi nánast skriflegt samþykki. Það er orðið alveg svoleiðis að þú þurfir að spyrja manneskjuna alveg svona: „Viltu hafa ... samfarir og hún þarf að segja já. Það gerir þetta enginn.“

MeToo-frásagnirnar fjalla báðar um kynferðisofbeldi (nauðgun) á unglingsárum. Í fyrri frásögninni segir: „Mér var nauðgað af fyrstu ástinni minni 15 ára og ég upplifði kynlíf sem eitthvað skitugt og sóðalegt.“ Tilfinningar stúlkunnar til stráksins kunna að hafa flækt upplifun hennar af kynferðisofbeldinu. Það var ekki borin virðing fyrir jafnrétti í parasambandinu og það vantaði samþykki stúlkunnar fyrir samförunum. Strákurinn fór yfir

mörk stúlkunnar og braut þannig gegn vilja hennar sem var brot gegn öryggi hennar og frelsi sem kynveru. Afleiðingarnar voru þær að stúlkan sem þolandi tengdi kynferðislegar athafnir við eitthvað ljótt, eitthvað skítugt og sóðalegt.

Síðari frásögnin er einnig um nauðgun:

Ég eignaðist kærasta þegar ég fór í menntaskóla, var frekar saklaus, hafði aldrei drukkið, reykt eða verið með strák, ég var hrein mey. Andlega ofbeldið byrjaði fljótt, hann reyndi að stjórna mér á allan hátt ... Í fyrsta sinn sem [við] reyndum að hafa kynmök, var ég mjög stressuð og hann mjög harðhentur, ég varð hrædd og vildi hætta við. Ég bað hann að stoppa, hætta, sagði að hann meiddi mig - hann varð reiður og sagði það er of seint að hætta við núna og þrykkti í gegn. Sársaukinn var gríðarlegur, bæði líkamlega og tilfinningalega.

Í þessari frásögn kom fram að stúlkan var hrædd, stressuð og henni mislíkaði hvað strákurinn var harðhentur. Stúlkan reyndi að setja mörk þar sem hún var ekki tilbúin að stunda kynlíf. Hún tjáði sig skýrt um að hún vildi hætta en beiðni var ekki virt og þannig var hún svipt frelsinu til að ráða atburðarás kynferðislegra athafna og naut ekki öryggis. Strákurinn reiddist og hélt áfram þrátt fyrir beiðni um annað. Mikið valdamisræmi var í parasambandinu og hann vanvirti jafnan rétt beggja aðila í því.

Í frásögnunum um vanvirðingu kom í ljós að ungum mönnum fannst þeir þurfa að taka virkan þátt í að ræða ráðandi karlmennsku á þann hátt að gera lítið úr stúlkum til að halda virðingu sinni í jafningjahópum (kynheilbrigðisrannsókn). Jafnframt birtist þar óvissa og óöryggi ungra manna um samþykki fyrir samförum. Í smokkarannsókninni var vanvirðing sýnd þegar smokkur var tekinn af í miðjum klíðum án samþykkis. Auk þess kom fram í frásögn eins pilts að hann upplifði mögulega vanvirðingu í sinn garð vegna ásökunar um nauðgun. Í MeToo-frásögnunum var lýst mikilli vanvirðingu gagnvart stúlkunum. Þær nutu ekki frelsis og öryggis, líkami þeirra var vanvirtur og jafnrétti var ekki fyrir hendi. Þannig var brotið á margvíslegum rétti stúlkunnanna til kynheilbrigðis.

## UMRÆÐA

Hugtakið virðing hefur lítið verið sett í samhengi við kynheilbrigði ungs fólks. Niðurstöður gagnagreiningarinnar sem gerð var í rannsókn þessari benda til þess að virðing sé eitt af lykilhugtökum kynheilbrigðis. Í kynheilbrigðisrannsókninni kom fram að ungu karlmennirnir virtust sækjast eftir virðingu félaga sinna með því að ræða um sinn þátt í kynlífi á upphefjandi hátt en stúlkur á niðurlægjandi hátt. Þrátt fyrir að vera meðvitaðir um ýmsa þætti kynheilbrigðis, meðal annars mikilvægi þess að sýna gagnkvæma virðingu, tryggja öryggi og jafnan rétt beggja í kynlífi þá komu fram skýr dæmi í máli þeirra um að við ákveðnar aðstæður væru karlmenn tilbúnir að fórna þessum þáttum fyrir virðingu félaga sinna og hrós um karlmennsku. Strákarnir nefndu til dæmis niðrandi orðræðu um konur í þessu sambandi. Í rannsóknnum Knights og félaga (2012) og Hydes, Drennans og Howletts (2009) komu einnig fram vísbendingar um að slíkt tal um konur tíðkist í samræðum ungra karlmannna.

Hvað varðaði kaup og notkun á smokkum þá kom í ljós í smokkarannsókninni að ungir menn þyrftu visst sjálfsöryggi og kjark til að kaupa smokka og ræða um smokkanotkun og

til að standa með sjálfum sér þegar til hennar kæmi. Rannsókn í Bretlandi sýndi að ungu fólki fannst það skammarlegt að kaupa smokka undir smásjá fullorðinna og óttaðist að verða mögulega niðurlægt opinberlega. Einnig gat verið feimnismál að setja smokkinn á (Bell, 2009). Notkun smokksins er verulega háð því að unga fólkíð ræði saman um notkun hans en það þarf kjark til að hefja þær viðræður, sem sást til að mynda í smokkarannsókninni þar sem kom fram ótti meðal viðmælenda við að ræða um smokka við kynlífsfélag. Niðurstöður íslenskrar rannsóknar meðal nema í 8. bekk grunnskóla leiddi í ljós að 28% stúlkna og 32% pílta voru sammála því að það væri erfitt að tjá sig um kynlíf við kynlífsfélag (Sóley S. Bender og Álfheiður Freyja Friðbjarnardóttir, 2015).

Í smokkarannsókninni kom fram óvissa um samþykkið, sem er svipað og í rannsókn Beres (2014). Þannig var samþykki gjarnan talið vera fyrir hendi ef engin mótspyrna er sýnd eða ákveðnar líkamshreyfingar eru taldar gefa samþykki til kynna án þess að raunverulegt samþykki beggja liggja fyrir. Slíkt samþykki þarf að tjá af frjálsum vilja eins og krafa er um í breytingarákvæði í hegningarlögum frá 2018 (lög nr. 16/2018). Þessi niðurstaða um óvissuna sýnir fram á mikilvægi þess að ungt fólk ræði saman til að fá fullvissu um hvað kynlífsfélagi raunverulega vill.

Í MeToo-dæmunum þar sem stúlkurnar urðu fyrir kynferðisofbeldi var um að ræða alvarlega árás á sjálfsvirðingu þeirra. Þessar frásagnir sýna að sameiginlegir þræðir vanvirðingar felast í neikvæðu viðhorfi til kvenna, jafnrétti er ekki fyrir hendi, frelsi til að taka ákvarðanir (samþykkja eða ekki samþykkja) og öryggi þeirra í parasambandi er ekki virt. Frásagnirnar benda til þess að afleiðingar vanvirðingar séu yfirleitt vanlíðan. Það hefur sýnt sig að ójöfn staða kynjanna helst í hendur við ofbeldismenningu gagnvart konum (Yodanis, 2004). Í báðum MeToo-frásögnunum kemur kynjað valdamisræmi sterkt fram og endurspeglar hugmyndir um ráðandi karlmennsku sem ríkir innan ramma gagnkynhneigðrar menningar (Chung, 2005). Í fyrri frásögninni nefndi stúlkan „ástina sína“ og það gefur til kynna rómantískar hugsanir hennar um parasamband þeirra. Hjá Tolman (1999) kom einmitt fram að rómantískar hugsanir væru samofnar hugmyndum um kvenleika og að hefðbundin viðhorf til kvenleika væru tengd verri kynheilsu stúlkna.

Af niðurstöðum beggja eigindlegu rannsóknanna má sjá að mikil þörf er fyrir kynfræðslu hjá ungu fólki til þess að koma í veg fyrir mismunandi skilning og upplifun karla og kvenna í kynferðislegum samskiptum. Mikilvægt er einnig að kunna að tjá sig um smokkanotkun og vita hvað felst í samþykki. Það getur reynst ungu fólki erfitt að koma auga á mörk sín og tjá sig um kynlíf ef viðkomandi er óviss um hver hann er og hvað hann ætlar sér í lífinu. Slík óvissa er algeng á unglingsárum. Einstaklingurinn þarf að þekkja sjálfan sig og eigin lífsgildi auk þess að hafa stefnu í lífinu (Erikson, 1968). Hann þarf að kunna að tjá sig á árangursríkan hátt, til dæmis um kynlíf og smokka, geta sagt hvar hann setur mörk, hvað hann vill og vill ekki. En áhrif jafningja hvað þetta varðar geta skipt miklu máli. Sýnt hefur verið fram á að eftir því sem unglingurinn verður eldri á hann auðveldara með að ráða við jafningjaþrýsting (Sumter, Bokhorst, Steinberg og Westenberg, 2009). Einnig skipta máli þær aðstæður sem hann er staddur í ef hann upplifir kynferðislegar þvinganir. Í rannsókn Livingstons o.fl. (Livingston, Hequembourg, Testa og VanZile-Tamsen, 2007) kom fram að kynferðisleg árás (e. sexual aggression) átti sér oft stað í partíum með jafningjum þar sem vín eða önnur efni voru höfð um hönd og einstaklingarnir þekktust yfirleitt ekki. Af þessu

er ljóst að búa þarf ungt fólk undir lífið og kynlífið og kenna því að stuðla að kynheilbrigði, mynda heilbrigð parasambönd og viðhalda þeim.

Nýta má niðurstöður þessarar rannsóknar til að varpa ljósi á þá mörgu þætti sem skipta máli varðandi sjálfsvirðingu og virðingu í nánnum parasamböndum og eru mikilvægir í fræðslu um kynheilbrigði í skólum. Þessir þættir snúa meðal annars að einkalífi, persónulegu frelsi, sjálfsákvörðunarrétti einstaklingsins, öryggi, jafnrétti, samþykki og virðingu fyrir viðhorfum og mörkum annarra. Einnig þarf ungt fólk að kunna að tjá sig um kynlíf, langanir sínar og mörk til að stuðla að gagnkvæmri virðingu í parasamböndum. Jafnframt getur það hugmyndafræðilega líkan um kynheilbrigði sem lagt var fram, um virðingu og rétt til kynheilbrigðis, nýst í kennslu og til frekari rannsókna.

## LOKAORÐ

Víða í samfélaginu birtist vanvirðing gagnvart kynverund einstaklingsins, eins og MeToo-frásagnir gefa til kynna. Margt í viðhorfum ungra karlmanna í kynheilbrigðisrannsókninni ber þess merki að verið sé að viðhalda viðmiðum um karlmennsku sem fela í sér vanvirðingu en um leið virðast þeir sjálfir átta sig á mikilvægi virðingar í parasamböndum. Það eru því tvöföld skilaboð sem þessir ungu karlmenn glíma við. Slík andstæð skilaboð koma til dæmis frá klámheiminum annars vegar og hins vegar frá réttindabaráttu kvenna, til að mynda með MeToo-bylingunni. Ungir karlmenn þurfa að læra að greina þessar upplýsingar og hvað sé mikilvægt í lífinu og í kynlífinu og læra að gera greinarmun á virðingu og vanvirðingu í parasamböndum. Í smokkarannsókninni birtast mörg skref í því ferli að nálgast smokkinn og síðan að nota hann á ábyrgan hátt. Það eru margar hindranir á veginum, til dæmis vegna takmarkaðs sjálfsöryggis eða ótta við niðurlægingu. Ungu mennirnir þurfa því að öðlast sjálfsöryggi en samfélagið þarf einnig að auðvelda þeim að nálgast smokkinn. Rannsóknirnar sýna að það er greinilega mjög áriðandi að koma til móts við þörf ungra íslenskra karlmanna fyrir kynheilbrigðisfræðslu. Þeir þurfa nauðsynlega á því að halda að vita hvernig þeir eigi að koma fram í parasamböndum þannig að báðum aðilum geti liðið vel. Þeir þurfa að fá sína eigin handbók til að fara eftir með upplýsingum um þær umferðarreglur sem stuðla að heilbrigðu parasambandi. Styðjast má við það námsefni um kynheilbrigði sem þegar er til, þróa það áfram og meta reglulega árangur þess.

## HEIMILDIR

- Amnesty International. (2019). *Europe: Time for change: Justice for rape survivors in the Nordic countries*. Sótt af <https://www.amnesty.org/en/documents/eur01/0089/2019/en/>
- Bára Hulda Beck (15. desember 2017). Tími þagnarinnar liðinn: Sögurnar allar. *Kjarninn*. Sótt af <https://kjarninn.is/skyring/2017-12-11-konur-islandi-segia-fra-kynferdisofbeldi-areitni-og-kynbundinni-mismunun-sogurnar-allar/>
- Bell, J. (2009). Why embarrassment inhibits the acquisition and use of condoms: A qualitative approach to understanding risky sexual behavior. *Journal of Adolescence*, 32(2), 379–391. <https://doi.org/10.1016/j.adolescence.2008.01.002>
- Beres, M. A. (2014). Rethinking the concept of consent for anti-sexual violence activism and education. *Feminism & Psychology*, 24(3), 373–389. <https://doi.org/10.1177/0959353514539652>
- Braun, V. og Clarke, V. (2006). Using thematic analysis in psychology. *Qualitative Research in Psychology*, 3(2), 77–101. <https://doi.org/10.1191/1478088706qp063oa>
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful qualitative research: A practical guide for beginners*. Los Angeles: SAGE.
- Chung, D. (2005). Violence, control, romance and gender equality: Young women and heterosexual relationships. *Women's Studies International Forum*, 28, 445–455. <https://doi:10.1016/j.wsif.2005.09.005>
- Debnam, K. J., Howard, D. E. og Garza, M. A. (2014). “If you don’t have honesty in a relationship, then there is no relationship”: African American girls’ characterization of healthy dating relationships, a qualitative study. *Journal of Primary Prevention*, 35(6), 397–407. <https://doi.org/10.1007/s10935-014-0362-3>
- Dixon-Mueller, R., Germain, A., Fredrick, B. og Bourne, K. (2009). Towards a sexual ethics of rights and responsibilities. *Reproductive Health Matters*, 17(33), 111–119. [https://doi.org/10.1016/s0968-8080\(09\)33435-7](https://doi.org/10.1016/s0968-8080(09)33435-7)
- Drouin, M., Ross, J. og Tobin, E. (2015). Sexting: A new, digital vehicle for intimate partner aggression? *Computers in Human Behavior*, 50, 197–204. <https://doi.org/10.1016/j.chb.2015.04.001>
- Edelman, C. L. og Mandle, C. L. (2006). *Health promotion through the life span* (6. útgáfa). St. Louis: Elsevier.
- Erikson, E. (1968). *Identity, youth and crisis*. London: Norton.
- Frei, J. R. og Shaver, P. R. (2002). Respect in close relationships: Prototype definition, self-report assessment and initial correlates. *Personal Relationships*, 9(2), 121–139. <https://doi.org/10.1111/1475-6811.00008>
- Gale, N. K., Heath, G., Cameron, E., Rashid, S. og Redwood, S. (2013). Using the framework method for the analysis of qualitative data in multi-disciplinary health research. *BMC Medical Research Methodology*, 13(1). <https://doi.org/10.1186/1471-2288-13-117>
- Goodson, P., Buhi, E. R. og Dunsmore, S. C. (2006). Self-esteem and adolescent sexual behaviors, attitudes and intentions: A systematic review. *Journal of Adolescent Health*, 38(3), 310–319. <https://doi.org/10.1016/j.jadohealth.2005.05.026>

- Gruskin, S., Yadav, V., Castellanos-Usigli, A., Khizanishvili, G. og Kismödi, E. (2019). Sexual health, sexual rights and sexual pleasure: Meaningfully engaging the perfect triangle. *Sexual and Reproductive Health Matters*, 27(1), 29–40. <https://doi.org/10.1080/26410397.2019.1593787>
- Halpern, C. T., Oslak, S. G., Young, M. L., Martin, S. L. og Kupper, L. L. (2001). Partner violence among adolescents in opposite-sex romantic relationships: Finding from the national longitudinal study of adolescent health. *American Journal of Public Health*, 91(10), 1679–1685. <https://doi.org/10.2105/ajph.91.10.1679>
- Henry, N. og Powell, A. (2015). Embodied harms: Gender, shame and technology-facilitated sexual violence. *Violence Against Women*, 21(6), 758–779. <https://doi.org/10.1177/1077801215576581>
- Hyde, A., Drennan, J. og Howlett, E. (2009). Young men’s vulnerability in constituting hegemonic masculinity in sexual relations. *American Journal of Men’s Health*, 3(3), 238–251. <https://doi.org/10.1177/1557988308319730>
- IPPF (International Planned Parenthood Federation). (2008). *Sexual rights: An IPPF declaration*. Sótt af [https://www.ippf.org/sites/default/files/sexualrightsippfdeclaration\\_1.pdf](https://www.ippf.org/sites/default/files/sexualrightsippfdeclaration_1.pdf)
- Jansen, Y.-O. (2007). The right to freely have sex – beyond biology: Reproductive rights and sexual self-determination. *Akron Law Review*, 40, 311–337. Sótt af <https://www.uakron.edu/dotAsset/728002.pdf>
- Kismödi, E., Cottingham, J., Gruskin, S. og Miller, A. M. (2015). Advancing sexual health through human rights: The role of the law. *Global Public Health*, 10(2), 252–267. <https://doi.org/10.1080/17441692.2014.986175>
- Knight, R., Shoveller, J. A., Oliffe, J. L., Gilbert, M., Frank, B. og Ogilvie, G. (2012). Masculinities, “guy talk” and “manning up”: A discourse analysis of how young men talk about sexual health. *Sociology of Health & Illness*, 34(8), 1246–1261. <https://doi.org/10.1111/j.1467-9566.2012.01471.x>
- Livingston, J. A., Hequembourg, A., Testa, M. og VanZile-Tamsen, C. (2007). Unique aspects of adolescents sexual victimization experiences. *Psychology of Women Quarterly*, 31(4), 331–343. <https://doi.org/10.1111/j.1471-6402.2007.00383.x>
- Long-Sutehall, T., Sque, M. og Addington-Hall, J. (2010). Secondary analysis of qualitative data: A valuable method for exploring sensitive issues with an elusive population? *Journal of Research in Nursing*, 16(4), 335–344. <https://doi.org/10.1177/1744987110381553>
- Lóa Guðrún Gísladóttir (2018). „Virðing er mikilvæg svo báðum aðilum líði vel“: Eigindleg rannsókn á kynheilbrigði meðal ungra karlmannna (meistaraprófsritgerð). Sótt af <https://skemman.is/handle/1946/31670>
- Lög um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (kynferðisbrot) nr. 16/2018.
- McClure, A. C., Tanski, S. E., Kingsbury, J., Gerrard, M. og Sargent, J. D. (2010). Characteristics associated with low self-esteem among US adolescents. *Academic Pediatrics*, 10(4), 238–244. <https://doi.org/10.1016/j.acap.2010.03.007>
- Meiksin, R., Allen, E., Crichton, J., Morgan, G. S., Barter, C., Elbourne, D, ... Bonell, C. (2019). Protocol for pilot cluster RCT of project respect: A school-based intervention

- to prevent dating and relationship violence and address health inequalities among young people. *Pilot and Feasibility Studies*, 5(13), 2–17. <https://doi.org/10.1186/s40814-019-0391-z>
- Merrick, M. T., Basile, K. C., Zhang, X., Smith, S. G. og Kresnow, M. (2018). Characterizing sexual violence victimization in youth: 2012 national intimate partner and sexual violence survey. *American Journal of Preventive Medicine*, 54(4), 596–599. <https://doi.org/10.1016/j.amepre.2018.01.014>
- Moksnes, U. K., Moljord, I. E. O., Espnes, G. A. og Byrne, D. G. (2010). The association between stress and emotional states in adolescents: The role of gender and self-esteem. *Personality and Individual Differences*, 49(5), 430–435. <https://doi.org/10.1016/j.paid.2010.04.012>
- Pan American Health Organization (PAHO) og World Health Organisation (WHO). (2000). *Promotion of sexual health recommendations for action*. Sótt af <http://www1.paho.org/English/HCP/HCA/PromotionSexualHealth.pdf>
- Perilloux, C., Duntley, J. D. og Buss, D. M. (2012). The costs of rape. *Archives of Sexual Behavior*, 41(5), 1099–1106. <https://doi.org/10.1007/s10508-011-9863-9>
- Robinson, B. B. E., Bockting, W. O., Rosser, B. R. S., Miner, M. og Coleman, E. (2002). The sexual health model: Application of a sexological approach to HIV prevention. *Health Education Research*, 17(1), 43–57. <https://doi.org/10.1093/her/17.1.43>
- Ruggiano, N. og Perry, T. E. (2019). Conducting secondary analysis of qualitative data: Should we, can we, and how? *Qualitative Social Work*, 18(1), 81–97. <https://doi.org/10.1177/1473325017700701>
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2019). *Lífssögur ungs fólks: Samskipti, áhættuhegðun, styrkleikar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigurbjörg Lind Ellertsdóttir og Snæfríður Jóhannesdóttir. (2018). „*Þetta er þínu eins og að fara í fótabað í stígvélum*“: Rýnihóparannsókn á viðhorfum unglingspíla til smokkanothunar (bakkalárritgerð). Sótt af <https://skemman.is/handle/1946/30566>
- Sóley S. Bender og Álfheiður Freyja Friðbjarnardóttir. (2015). Árangur af kynfræðslunámsefninu „Kynveruleiki í ljósi kynheilbrigðis“. *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, 91(1), 46–53.
- Sumter, S. R., Bokhorst, C. L., Steinberg, L. og Westenberg, P. M. (2009). The developmental pattern of resistance to peer influence in adolescence: Will the teenager ever be able to resist? *Journal of Adolescence*, 32(4), 1009–1021. <https://doi.org/10.1016/j.adolescence.2008.08.010>
- Tolman, D. L. (1999). Femininity as a barrier to positive sexual health for adolescent girls. *Journal of the American Medical Women's Association*, 54(3), 133–138.
- Trzesniewski, K. H., Donnellan, M. B., Moffitt, T. E., Robins, R. W., Poulton, R. og Caspi, A. (2006). Low self-esteem during adolescence predicts poor health, criminal behavior, and limited economic prospects during adulthood. *Developmental Psychology*, 42(2), 381–390. <https://doi.org/10.1037/0012-1649.42.2.381>
- United Nations. (1948). Universal declaration of human rights. Sótt af <https://www.un.org/en/universal-declaration-human-rights/>

- United Nations. (1995). *Report of the international conference on population and development: Cairo, 5–13 September 1994*. Sótt af [https://www.un.org/en/development/desa/population/events/pdf/expert/27/SupportingDocuments/A\\_CONF.171\\_13\\_Rev.1.pdf](https://www.un.org/en/development/desa/population/events/pdf/expert/27/SupportingDocuments/A_CONF.171_13_Rev.1.pdf)
- Wall, E. (2001). Sexual harrassment and wrongful communication. *Philosophy of the Social Sciences*, 31(4), 525–537. <https://doi.org/10.1177%2F004839310103100404>
- WAS (World Association for Sexual Health). (2014). Declaration of sexual rights. Sótt af <https://www.aidsactioneurope.org/en/publication/declaration-sexual-rights>
- WHO (World Health Organization). (2010). Sexual rights. Sótt af [https://www.who.int/reproductivehealth/topics/sexual\\_health/sh\\_definitions/en/](https://www.who.int/reproductivehealth/topics/sexual_health/sh_definitions/en/)
- WHO (World Health Organization). (2016). *Action plan for sexual and reproductive health: Towards achieving the 2030 agenda for sustainable development in Europe – leaving no one behind*. Sótt af [http://www.euro.who.int/\\_\\_data/assets/pdf\\_file/0003/322275/Action-plan-sexual-reproductive-health.pdf?ua=1](http://www.euro.who.int/__data/assets/pdf_file/0003/322275/Action-plan-sexual-reproductive-health.pdf?ua=1)
- Yodanis, C. L. (2004). Gender inequality, violence against women, and fear. *Journal of Interpersonal Violence*, 19(6), 655–675. <https://doi.org/10.1177/0886260504263868>
- Þingskjal nr. 37/2017–2018. Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningalögum nr 19/1940 (stafrænt kynferðisofbeldi). Sótt af <https://www.althingi.is/altext/148/s/0037.html>

Greinin barst tímaritinu 8. apríl 2019 og var samþykkt til birtingar 7. nóvember 2019

## UM HÖFUNDINN

Sóley S. Bender (ssb@hi.is) er prófessor við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Hún lauk B.S.-prófi í hjúkrunarfræði frá námsbraut í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands 1977, M.S.-prófi í family planning administration við Department of Obstetrics and Gynecology, Medical School, University of Minnesota í Bandaríkjunum 1983 og Ph.D.-námi frá lækna-deild Háskóla Íslands árið 2005. Rannsóknaráherslur hafa verið á sviði kynheilbrigðis og hafa þær beinst að kynfræðslu, kynheilbrigðisþjónustu, unglingsmæðrum, þungunum unglingsstúlkna, kynhegðun unglinga en einnig kynlífi á meðgöngu og eftir fæðingu.



# RESPECT: A CORE ISSUE OF SEXUAL AND REPRODUCTIVE HEALTH OF YOUNG PEOPLE

## ABSTRACT

Many core concepts of sexual and reproductive health (SRH) have been studied in a limited way. This applies to the concept respect, explored in this article in connection with the sexual and reproductive health of young people. At the international conference on population and development by the United Nations in Cairo in 1994 the emphasis on SRH was stressed (United Nations, 1995). It has, however, taken some time to move in the direction of SRHealth instead of remaining anchored in the problem-oriented way of thinking which frequently evolved around issues such as unplanned pregnancies and sexually transmitted infections. In Iceland, as well as in other societies, there are many signs of disrespect towards the sexual being and the MeToo revolution provides one of the most obvious examples of this. Also, recent trends in the misuse of smartphones by sending sexual pictures and videos to others without consent are causing considerable harm to the victims. There has been an increasing awareness over the years that nowadays societies are no longer ready to tolerate sexual violence of any sort. Based on the health approach and the signs of disrespect within contemporary society there is a need to pause and explore core life values such as respect in relation to the wellness of the sexual being.

This article is based on a secondary analysis of two Icelandic qualitative studies and two MeToo descriptions by Icelandic women. The purpose of the study is to explore how respect and disrespect are presented regarding the SRH of young people in Icelandic society. In the introduction the concept of respect is explored along with the sexual rights of young people. These rights have been developed by international organizations such as International Planned Parenthood Federation (IPPF, 2008), World Association for Sexual Health (WAS, 2014) and World Health Organization (WHO, 2016). These two core concepts (respect and rights) are presented as the cornerstones of the SRH model. The rights are based on respect towards the human being as demonstrated in the Universal Declaration of Human Rights by the United Nations in 1948 (United Nations, 1948). The findings of this study show that the common threads of respect are human understanding, respecting the views of others, listening to others and respecting equality, boundaries and consent. Based on this study, showing respect in different ways is of importance in contributing to the wellness of the individual. Likewise, the main threads of disrespect are demonstrated by a negative attitude towards women, lack of safety, equality and freedom to decide (give consent). According to the study, when someone exhibits disrespectful behavior this is likely to contribute to a sense of unwellness. Finally, the need to understand healthy sexual relationships in order to prevent sexual violence of any sort is being discussed. There is a need to explore, as Debnam and coworkers (2014) did, how adolescent girls understand a healthy sexual relationship and examining the perspectives of adolescent boys towards the phenomenon is also of great importance. In order to move in the direction of gender equality and healthier sexual relationships

the perspectives of both girls and boys are needed. Such information is valuable for the development of sexuality education. It is also necessary to understand what kind of intervention or interventions can be effective in the classroom to prevent sexual violence of any sort within sexual relationships of adolescents and young people. Such a study is on its way in the United Kingdom and its findings can possibly guide others towards promising interventions in the schools in the near future (Meiksin et al., 2019). Based on the importance of preventing sexual violence in sexual relationships, a holistic sexuality education program has been available in Iceland since 2011 emphasizing healthy sexual relationships for young people in the age group 16–18. The program has been evaluated although this aspect has not been specifically explored.

This article provides information about the concept of respect. This can be of value for the ongoing development of measurements regarding respect in sexual relationships, and also for improving SRH programs for young people in schools by emphasizing respect in sexual relationships. Also, the conceptual model of SRH may inspire researchers to empirically test the whole model or its parts.

Keywords: respect, disrespect, sexual and reproductive health, sexual rights, young people

## ABOUT THE AUTHOR

Soley S. Bender (ssb@hi.is) is a professor in the faculty of nursing at the University of Iceland. She completed a B.S. degree in nursing from the department of nursing at the University of Iceland in 1977, an M.S. degree in family planning administration from the Department of Obstetrics and Gynecology, Medical School, University of Minnesota in USA in 1983 and a Ph.D. degree from the Faculty of Medicine at the University of Iceland in 2005. Her research has been in the field of sexual and reproductive health, focusing on sexuality education, sexual and reproductive health services, adolescent mothers, adolescent pregnancies and the sexual behavior of teenagers, as well as examining sexuality during pregnancy and after giving birth.